

RÍÓ

308 tbl. september 2019

MYNDIR

mánaðarins



HVÍTUR, HVÍTUR DAGUR

FRUMSÝND 6. SEPTEMBER



**SMAKKAÐU
REGNBOGANN**

CATCH-22

Mögnuð þáttaröð frá George Clooney

Þáttaröðin er byggð á samnefndri skáldsögu Joseph Heller sem hefur verið nefnd ein merkilegasta bók 20. aldarinnar. Þættirnir veita innsýn í líf bandarískra flughermanna í seinna stríði með beittum og skoplegum hætti.

Öll þáttaröðin er komin í Sjónvarp Símans Premium



Útgefið í september

DVD

6.9.	UglyDolls: Bíómyndin	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	16
------	----------------------	----------	------------	-------	----

VOD

2.9.	The Curse of La Llorona	Síminn	Tryllir	16 ára	10
5.9.	Avengers: Endgame	Síminn	Ofurhetjur	12 ára	12
5.9.	Brightburn	Sena	Tryllir	16 ára	14
6.9.	Fahrenheit 11/9	Myndform	Heimildarmynd	12 ára	14
6.9.	UglyDolls: Bíómyndin	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	15
6.9.	Booksmart	Myndform	Gamanmynd	12 ára	16
6.9.	Under the Silver Lake	Myndform	Ráðgáta	16 ára	16
12.9.	The Parting Glass	Sena	Drama	12 ára	17
12.9.	All is True	Sena	Sannsgulegt	12 ára	17
13.9.	August Creek	Myndform	Rómantik	Leyfð	18
13.9.	A Polar Year	Myndform	Fjölskyldumynd	Leyfð	19
13.9.	Billi Blíkk	Myndform	Barnaefni	Leyfð	19
16.9.	Pokémon Detective Pikachu	Síminn	Ævintýri/grín	9 ára	20
18.9.	Rocketman	Síminn	Sannsgulegt	16 ára	21
20.9.	Stockholm	Myndform	Sannsgulegt	16 ára	22
20.9.	Mía og ég	Myndform	Barnaefni	Leyfð	22
20.9.	Plus One	Myndform	Gamanmynd	16 ára	23
26.9.	Aladdin	Síminn	Ævintýri	9 ára	24
27.9.	Tappi mús	Myndform	Barnaefni	Leyfð	23
27.9.	Light of My Life	Myndform	framtíðarsaga	16 ára	25
27.9.	Dumplin	Myndform	Gamanmynd	6 ára	25

Tölvuleikir

6.9.	NBA 2K20	Sena	Körfuboltaleikur	3+	28
6.9.	Monster Hunter World: Iceborn	Sena	Hlutverkaleikur	16+	29
10.9.	eFootball PES 2020	Sena	Fótboltaleikur	3+	29
13.9.	Borderlands 3	Sena	Hlutverkaleikur	18+	30
13.9.	NHL 20	Sena	Íshökkíleikur	12+	32
27.9.	FIFA 20	Sena	Fótboltaleikur	3+	29



MYNDIR MÁNAÐARINS

308. tbl. september 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 19.000 eintök


EIN FRÁBÆR Á DVD OG VOD Í SEPTEMBER



6.
sept



MYNDFORM



TVENNUNU TILBOÐ

TVÖFÖLD
GLEÐI!

Þú sækir pizzu og stóran skammt
af brauðstöngum og færð
aðra pizzu sömu stærðar að auki.



Stjörnuþspá mánaðarins



Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Vertu ekki kærulaus og gerðu það sem þú þarft að gera í síðasta lagi í næstu viku. Þú íhugar áskorun um að klifra upp á Kristján níunda næst þegar þú átt leið í bæinn.



Tvíburarnir 21. maí - 21. júní

Septembermánuður verður ákaflega hagstæður þeim sem fæddir eru í tvíburamerkinu og eiga hlýraboli með hettum. Ekki vera með neitt vesen þótt þú tapir vitinu.



Vogin 23. sept. - 23. okt.

Þér líður dálítið eins og líkþorni þessa dagana sem er auðvitað ekki gott en skánar þegar þú áttar þig á því að sumum líður eins og frunsum. Gerðu gott úr öllu garni.



Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Þú íhugar að ýta að gamni þínu á neyðarhnappinn í næstu lyftuferð til að heyra hljóðið og sjá hvað gerist en hættir svo við það enda ákaflega heimskuleg hugmynd.



Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Þú hittir gamlan skólafelaga sem þú hefur ekki séð í langan tíma og hafðir ekki nokkurn áhuga á að hitta aftur. Vertu kurteis og gefðu honum fallega fingravettlinga.



Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Einhver sem virðir þig mikils missir allt álit á þér þegar þú hrindir honum á staur og í drullupoll. Mundu að það eru þrjár hliðar á öllum málum, þín, annarra og Guðrúnar.



Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Þú ákveður að gefa Landsbankanum allt sem þú átt og ganga í klaustur. Athugið að þessi spá gildir ekki um fólk sem vinnur á skrifstofum eða bílapartasölum.



Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Það verður mikil kyrrð í kringum þig í mánuðinum sem bendir til að viftan í tölvunni sé að fara að bila. Mundu eftir að bíða eftir reikningunum áður en þú borgar þá.



Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Þú ákveður að leggja símanum og netinu og nota tímamann frekar til að fara í könnunarleiðangur til Perú. Mundu eftir að taka með þér blöð og harðfisk handa mörgæsumum.



Nautið 20. apríl - 20. maí

Þú hefur átt erfitt með að stjórna skapsmunum þínum að undanfögnu og það lagast ekki nema þú vinnir Fíat pöndu í hausthappdrætti kvenfélags Eyrarbakka.



Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Þú prófar að hella úr fötu til að gá hvort orðatiltækið „að það rigni eins og helt væri úr fötu“ standist skoðun. Ákveddu að héðan í frá munir þú bara búa til grænar sósar.




Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Passaðu þig á skeggjuðum mönnum sem reyna að selja þér veiðileyfi í Munkaþverárkvísl. Mundu eftir að kaupa þér orma til öryggis samt ef þú skyldir falla í gildruna.


Afmælisbörn mánaðarins



1. sept.: Zendaya, 23 ára




2. sept.: Keanu Reeves, 55 ára



3. sept.: Charlie Sheen, 54 ára



4. sept.: Beyoncé Knowles, 38 ára



5. sept.: Michael Keaton, 68 ára



6. sept.: Idris Elba, 47 ára



8. sept.: Martin Freeman, 48 ára



9. sept.: Adam Sandler, 53 ára



10. sept.: Colin Firth, 59 ára



11. sept.: Brian De Palma, 79 ára



15. sept.: Tom Hardy, 42 ára



16. sept.: Amy Poehler, 48 ára



18. sept.: Jason Sudeikis, 44 ára



20. sept.: Sophia Loren, 85 ára



21. sept.: Bill Murray, 69 ára



25. sept.: Will Smith, 51 árs




26. sept.: Linda Hamilton, 63 ára



27. sept.: Gwyneth Paltrow, 47 ára



28. sept.: Naomi Watts, 51 árs



30. sept.: Marion Cotillard, 44 ára



HEIMSEMDA
TOP #1 BREEDER



Notaðu skynsemina

Pedigree fyrir hundinn þinn!

Blossi er fæddur í Bandaríkjunum og er af tegundinni Australian Shepherd. Hann hefur verið í eigu Heimsendaræktunar síðan hann var 3 mánaða. Blossi var valinn BESTI HUNDUR SÝNINGAR (best in show) báða dagana í júní 2019 á sýningum Hundaræktarfélags Íslands.

Við höfum gefið hundum okkar Pedigree í 16 ár og náð frábærum árangri. Það er því sjálfgefið að Blossi fái sama og hinir Heimsendahundarnir okkar.

Blossi er ljúfur og glaður hundur með fallegan glansandi feld. Eins og sjá má þá hentar Pedigree Blossa mjög vel.

Björn og Lára.





Það er ekkert jafn notalegt og að sitja í góðum bíl með heita pítsu í kjöltunni.

- Kevin James.



Ég á erfitt með að sætta mig við að fólki finnst ofurhetjumyndir góðar myndir. Hér er verið að fagna meðal-mennskunni og setja hana á stall.

- Ethan Hawke.



Ég skil það alveg að þegar stúdíóin setja hundrað milljónir dollara í kvikmynd þá vilja þau fyrst og fremst fá peningana sína aftur. Mér finnst bara vont að vinna undir þannig pressu.

- Ryan Gosling.



Vissir þú að ég byrjaði minn leikferil sem sviðsgrínari? Þeir eru fáir eftir sem sáu mig í því hlutverki.

- Al Pacino, í viðtali um ferilinn.



Við erum öll fávitar þegar við erum ung. Við höldum að við séum það ekki, en við erum það.

- Helen Mirren.



Mig langaði að verða nunna þegar ég var lítil. Svo sagði systir mín mér að nunnur fengju ekkert borgað og þar með datt sú löngun upp fyrir.

- Eva Mendes.



Fyrir hvert hlutverk sem ég tek að mér þá eru a.m.k. tíu önnur sem ég sóttist eftir að leika en einhver annar fékk. Þannig er þetta og þess vegna er ég alltaf hræddur um að verða atvinnulaus. En ég hef samt verið heppinn.

- Ryan Reynolds.



Mín erfiðasta og versta lífsreynsla var þegar Tom sagði mér upp. Ég var ólétt og hélt í alvöru að við myndum lifa hamingjusöm upp frá því eins og í ævintýrunum. Ég er af gamla skól-anum og í mínum huga var skilnaður það síðasta sem ég bjóst við.

- Bridget Moynahan, um það þegar Tom Brady yfirgaf hana ófriska árið 2007 og byrjaði með Gisele Bündchen.



Hún þarf að vera náttúruleg, hlý, gefandi og með góðan húmor. Ef það er eitthvað sem fer í mig varðandi annað fólk, stelpur meðtaldar, þá er það uppgæð og sýndarmennska.

- Max Irons, um draumakonuna.



Þegar ég var sextán ára fannst mér ég vera orðin fullorðin. Ég var tilbúin til að standa á eigin fótum, eignast mann, barn og eigið heimili, en mamma vildi ekki heyra á það minnst. Núna langar mig bara að fá að vera unglingur í nokkur ár í viðbót.

- Milla Jovovich, sem er rúmlega fertug.



Ég hef bara kysst þrjá stráka á ævinni fyrir utan þá sem ég hef þurft að kyssa í vinnunni. Þetta er alveg satt.

- Blake Lively.



Hollywood er þannig að þegar konur eru komnar á ákveðinn aldur fá þær engin hlutverk lengur. Ég er samt enn að berjast og mun berjast fram á grafarbakann við að fá vinnu.

- Ellen Burstyn, sem er orðin 85 ára.



Ég hef ekki trú á hamingjusömum endi en ég trúi á hamingjuríkt ferðalag.

- George Clooney.



Ef þeir stafsetja nafnið mitt rétt þá er mér sama hvað þeir skrifa um mig.

- Kate Hudson, um slúðurpressuna.




Ég var á uppáhaldsbarnum mínum í bænum Gavella í Króatíu og þessi fallega kona gengur inn. Hjá mér var það bara 'ok, þarna er hún þá'. Ég var samt of feiminn til að nálgast hana á þessari stund en tveimur dögum síðar fann ég mann sem gat grafið upp símanúmerið hennar.

- Goran Visnjic, að lýsa því hvernig það var ást við fyrstu sýn hjá honum þegar hann sá tilvonandi eiginkonuna sína, Evu Vrdoljak, í fyrsta sinn.



Að lokum mun öll þessi athygli sem fylgir því að vera stjarna að mestu hverfa og maður fær einkalíf sitt til baka í nokkur ár. Ég vona það að minnsta kosti og hlakka eiginlega til.

- Matt Damon.



Berðu virðingu fyrir sjálfum þér. Ef þú gerir það þá áttu mun auðveldara með að aga þig. Og sjálfsvirðing og agi eru lykarnir að velgenginni.

- Clint Eastwood.



Dagurinn þegar þú hættir að læra eitt-hvað nýtt er dagurinn þegar þú byrjar að deyja.

- Jack Nicholson.



Dagurinn byrjar alltaf vel með
ristuðum **OTA** hafragrjónum

OTA **SOL**
GRYN



The Curse of La Llorona

Tryllir / Hrollvekja



Aðalhlutverk: Linda Cardellini, Raymond Cruz, Marisol Ramirez, Patricia Velasquez, Sean Patrick Thomas, Tony Amendola, Roman Christou og Jaynee-Lynne Kinchen **Leikstjórn:** Michael Chaves **Útgefandi:** Síminn


2. september



Patricia Velasquez leikur nöfnu sína Patriciu Alvarez en það er einmitt dauði sona hennar sem kallar ógæfuna yfir Önnu og hennar börn.

Veistu svarið?

Linda Cardellini sem leikur aðalhlutverkið í myndinni á 25 ára leikferil að baki, bæði á sviði og í ýmsum myndum, en segja má að hún hafi fyrst slegið í gegn sem Samantha Taggart í þekktri sjónvarpsríðu sem hóf göngu sína árið 2003. Hvaða sjónvarpsríðu?



Ekki hleypla henni inn

Anna Garcia er félagsráðgjafi, ekkja og tveggja barna móðir sem lætur taka tvo syni úr umsjá móður sinnar á grunni rökstudds gruns um að hún hafi beitt þá harðræði. Anna lætur vista synina hjá fósturfjölskyldu og kemst ekki að því fyrr en of seint að þar með gerði hún skelfilegustu mistök ævi sinnar.

The Curse of La Llorona er nýjasta hrollvekjan úr smiðju James Wan og um leið sjötta myndin í *Conjuring*-seríunni, eða kannski öllu heldur fjórða hliðar- og upprunasagan í þeirri seríu á eftir *Annabelle*-myndunum tveimur og *The Nun*. Myndin gerist í Los Angeles árið 1973, skömmu eftir atburðina í *Annabelle*, og segir frá félagsráðgjafanum Önnu Garcia sem ásamt börnum sínum lendir í vægast sagt hrollvekjandi baráttu við skelfilega vofu sem ásælist börnin í þeim tilgangi að drekkja þeim. Anna bregður á það ráð að fá til liðs við sig særingamanninn reynda, Rafael Olvera (Raymond Cruz), en jafnvel hann á fá svör við ofurmætti hinnar illu vofu ...



Linda Cardellini leikur félagsráðgjafann og ekkjuna Önnu Garcia og börn hennar tvö, Chris og Samönthu sem hin grátandi vofa ásælist, eru leikin af Roman Christou og Jaynee-Lynne Kinchen.

Punktar

★★★1/2 - *N.Y. Magazine* ★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★1/2 - *IGN*

• Sagan í myndinni sækir innblásturinn í suðurameríska þjóðsögu um Mariu sem ærðist þegar hún komst að því að eiginmaður hennar hefði ákveðið að fara frá henni og drekkti tveimur sonum þeirra í nærliggjandi á. Maria sá þegar eftir verknaði sínum og hóf árangurslausa leit að drengjunum sem endaði með því að hún drukknæði sjálf. Henni var hins vegar meinuð innganga í himnaríki þar til hún hefði fundið drengina og síðan hefur hún leitað þeirra grátandi á milli lífs og dauða. Í þeirri leit á hún það svo til að nema börn annarra á brott og drekkja þeim. Þessi draugasaga var, og er oft enn, notuð til að hræða börn frá því að vera of lengi úti á kvöldin.



Presturinn Perez, sem kom talsvert við sögu í myndinni *Annabelle*, mætir hér á svæðið á ný í túlkun sama leikara, Tonys Amendola.

14 STÖÐUM UM LAND ALLT

Þú getur nú pantað matvöru í gegnum vefverslun Nettó og sótt á 14 stöðum um land allt



VERSLAÐU Á NETTO.IS

FLJÓTLEGT - EINFALT - ÞÆGILEGT



Avengers: Endgame

Ofurhetjur / Hasar



Aðalhlutverk: Brie Larson, Scarlett Johansson, Chris Hemsworth, Chris Evans, Josh Brolin, Robert Downey Jr., Elizabeth Olsen, Karen Gillan, Evangeline Lilly, Tom Holland, Paul Rudd, Michelle Pfeiffer o.fl.
Leikstjórn: Anthony og Joe Russo **Útgefandi:** Síminn

5. september



Þeim sem eftir lifa af Avengers-hópnum er vandi á höndum.

Veistu svarið?

Eins og kemur fram hér í punktunum þá er *Avengers: Endgame* nú í toppsæti listans yfir tekjuhæstu myndir allra tíma í kvikmyndahúsum, rétt á undan *Avatar*. Eins og flestir vita þá er *Titanic* í þriðja sæti en hvaða mynd er nú í fjórða sæti?



Star Wars: The Force Awakens

Allar sögur taka enda

Eftir að hinum máttuga Thanosi tókst það ætlunarverk sitt að þurrka út helming mannkyns á Jörðu með einum fingrasmelli og krafti eilífðarsteinanna er þeim sem eftir lifa af Avengers-hópnum vandi á höndum. Getu þau snúið gjörðum Thanosar við og endurheimt allar þær ofurhetjur sem hann eyddi?

Eins og flestir vafalaust vita þá er *Endgame* seinni hlutinn af síðasta kaflanum um Avengers-ofurhetjuteymið en sá fyrri, *Infinity War*, kom út á sjónvarpsleigunum fyrir réttu ári. Nokkur tími er liðinn frá því að atburðirnir í þeirri mynd áttu sér stað og lögðu líf eftirlifanda í rúst, enda misstu þeir allir bæði ættingja og nána vini í þeim hamförum sem Thanos skapaði með eilífðarsteinunum. Það freistar sumra að leggja árar endanlega í bát, en á það vilja aðrir ekki hlusta og eru staðráðnir í að finna leið út úr vandanum ...



Hinn samviskulausi Thanos, sem þurrkaði út helminginn af öllu lífi á Jörðinni með krafti eilífðarsteinanna, er sem fyrr leikinn af Josh Brolin.

Punktar

★★★★★ - *Wash. Post* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Guardian*
 ★★★★★ - *C. Sun-Times* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair*
 ★★★★★1/2 - *Observer* ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *CineVue*
 ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Time Out*

• *Avengers: Endgame* sló tekjumet í kvikmyndahúsum í sumar þegar miðar á hana seldust fyrir tæplega 2.796 milljónir dollara. Þar með tók hún toppsætið á listanum af mynd James Cameron, *Avatar*, sem árið 2009 setti tekjumet upp á tæplega 2.790 milljónir dollara.

• Þess má geta til upprifjunar að þær meginpersónur sem dóu (eða virtust a.m.k. deyja) í síðustu mynd, *Infinity War*, voru Loki, Vision, Hemdall, Collector, Gamora, Black Order, Spider-Man, Black Panther, Doctor Strange, Winter Soldier, Mantis, Groot, Drax, Peter Quill, Scarlet Witch, Falcon, Maria Hill og Nick Fury.



Clint Barton (Hawkeye) og Tony Stark (Iron Man) koma að sjálfsöggðu mikið við sögu og eru leiknir af Jeremy Renner og Robert Downey Jr.



bragð
bætir
myndina





Aðalhlutverk: Elizabeth Banks, David Denman og Jackson A. Dunn **Leikstjórn:** Sara Colangelo **Útgefandi:** Sena

Tryllir

5. september

Hvað ef ...?

Bændahjónin Kyle og Tori Breyer vita ekki hvaðan á þau stendur veðrið þegar eitthvað sem líkist loftsteini skellur á landareign þeirra. Við athugun finna þau kornabarn sem virðist hafa komið með þessari sendingu utan úr geimnum og ákveða að ganga því í foreldra stað. Það á ekki eftir að fara vel.

Brightburn er hörkutryllir en grunnsagan í honum líkist sögunni um það þegar Súperman kom til jarðar og var tekinn í fóstur af Kent-hjónunum. Munurinn er hins vegar sá að þegar þessi ungi maður utan úr geimnum, sem Breyer-hjónin nefna Brandon, vex úr grasi og uppgötvar að hann er gæddur nánast sömu ofurkröftum og Súperman nýtir hann þá ekki til góðs heldur til að hefna sín á þeim sem hann telur hafa gert á sinn hlut. Þar eru skólafélagarnir efstir á blaði ...

Punktur

★★★★ - *Playlist* ★★★★★ - *ScreenCrush* ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *The New York Times* ★★★★★1/2 - *The Guardian*

- *Brightburn* er í leikstjórn Davids Yarovesky en hún er framleidd af James Gunn sem gerði *Guardians of the Galaxy*-myndirnar og er handritið eftir bróður hans, Brian Gunn, og frænda þeirra, Mark Gunn.



Elizabeth Banks leikur Tori Breyer sem finnur kornabarn eftir að ókennilegur hlutur lendir á landareign hennar og eiginmannsins og ákveður að ala það upp.

- Þetta er önnur mynd Davids Yarovesky í fullri lengd en sú fyrri var vísindahrollveikjan *The Hive* sem hann sendi frá sér 2014 og hlaut góða dóma margra. Þess má geta að David og Gunn-bræðurnir hafa lengi verið vinir og vann hann t.a.m. að báðum *Guardians of the Galaxy*-myndunum.

Hvað gerðist?

Kvikmyndagerðarmaðurinn og Óskarsverðlaunahafinn Michael Moore vakti mikla athygli sumarið 2016 þegar hann spáði því fullum fetum að Donald Trump myndi sigra í bandarísku forsetakosningunum 8. nóvember sama ár. Í *Fahrenheit 11/9* útskýrir hann hvernig hann sá sigur Trumps fyrir.

Þeir sem gaman hafa af góðum heimildarmyndum, svo ekki sé talað um alla þá sem hafa kunnað að meta hinar frábæru myndir Michaels Moore í gegnum árin, ættu alls ekki að láta *Fahrenheit 11/9* fram hjá sér fara. Segja má að hér útskýri Michael hina bandarísku þjóðarsál betur en nokkurn tíma fyrr og þá sérstaklega hvers vegna svo margir sem kusu Barack Obama í forsetakosningunum 2008 ákváðu að snúa baki við demókrataflokknum í forsetakosningunum 2016 ...

Punktur

★★★★1/2 - *Playlist* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *N.Y. Magazine* ★★★★★ - *The Observer* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *The New York Times* ★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *The Wrap* ★★★★★ - *Paste Magazine*

- Heiti myndarinnar, *Fahrenheit 11/9*, vísar annars vegar til framtíðarskaldsögu Rays Bradbury, *Fahrenheit 451* sem kom út árið 1953, og hins vegar í 9. nóvember þegar Donald Trump var opinberlega lýstur sigurvegari bandarísku forsetakosninganna sem fram fóru 8. nóvember 2016. Heitið kallast einnig á við mynd Michaels, *Fahrenheit 9/11*, sem hann gerði 2004 og er tekjuhæsta heimildarmynd allra tíma.



Sennilega skilja fáir betur aðstæður bandaríks almennings og afstöðu hans til stjórnmálanna en Michael Moore.

- Myndin er að stórum hluta tekin upp í heimabæ Michaels Moore, Flint.



Höfundur: Michael Moore **Útgefandi:** Myndform

Heimildarmynd

6. september


Engin er fullkomin

Fyrsta bíómyndin um Ljótubrúðurnar, *UglyDolls*, verður gefin út á DVD og VOD 6. september en hér er um fjörukt og fyndið ævintýri að ræða og ekta fjölskyldumynd með kostulegum uppákomum, skrítnum persónum og stórskemmtilegri tónlist.

Ljótubrúðurnar búa í Ljótábæ þar sem þær una ágætlega við sitt. Það á eftir að breytast dálítið þegar nokkrar þeirra leggja land undir fót og uppgötva að hinum megin við stóra fjallið þeirra er annar bæ, Fullkomnibær, þar sem allar brúðurnar eru fullkomnar en ekki ljótar eins og þær sjálfar. En eins og oft hefur verið sagt þá felst fegurðin ekki í útlitinu heldur því sem innra með brúðunum býr ...

Punktur

- Myndin verður gefin út bæði með íslenski talsetningu og enski en í henni eru það m.a. þau Kelly Clarkson, Nick Jonas, Janelle Monáe, Blake Shelton, Pitbull, Wanda Sykes, Emma Roberts, Gabriel Iglesias, Wang Leehom og Lizzo sem tala fyrir helstu persónurnar.



UglyDolls: Bíómyndin

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Elísabet Ormslev, Íris Hólm Jónsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Jón Ragnar Jónsson, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Oddur Júlíusson, Þórey Birgisdóttir, Snæfríður Ingvarsdóttir, Stefanía Svavarsdóttir, Ævar Þór Benediktsson og fleiri
Kórstjórn: Björn Thorarensen **Leikstjórn:** Selma Lóa Björnsdóttir
Útgefandi: Myndform

6. september





Síðasti séns

Skólafélagarnir og vinkonurnar Amy og Molly eru fyrirmyndarnemendur og hafa með mikilli elju uppskorið góðar einkunnir sem duga til að komast í bestu framhaldsskólana. En árangurinn hefur kostað þær miklar fórnir á félagslega sviðinu og nú er kominn tími til að bæta úr því í eitt skipti fyrir öll!

Booksmart er fyrsta mynd Oliviu Wilde sem leikstjóra og þykir hún bráðskemmtileg frá upphafi til enda. Myndin gerist á lokadegi skólaársins þegar síðasta tækifærið til að skvetta úr klaufunum er runnið upp og það tækifæri ætla þær Amy og Molly ekki að láta sér úr greipum ganga. En hvernig fara óreyndir námshestar eins og þær að því að bæta sér upp margra ára félagslegt svelti á einum degi?

Punktar
 ★★★★★ - N.Y. Post ★★★★★ - R.Ebert.com ★★★★★ - Wall Street Journal
 ★★★★★ - Empire ★★★★★1/2 - IndieWire ★★★★★1/2 - Los Angeles Times
 ★★★★★1/2 - IGN ★★★★★1/2 - The New York Times ★★★★★1/2 - H. Reporter

• Sagan í *Booksmart* er eftir Katie Silberman og hafa þær Olivia Wilde látið hafa eftir sér að innblásturinn sé sóttur í sígildar „coming of age“-myndir eins og t.d. *Superbad*, *The Breakfast Club*, *Fast Times At Richmount High*, *Dazed and Confused* og *Clueless*.

• Myndin hefur hlotið afar góða dóma og er með 8,8 í meðaleinkunn frá 56 gagnrýnendum á Metacritic.com, 7,4 í einkunn á IMDb.com og er 97% „fresh“ á Rotten Tomatoes.com. Þetta er sem sagt mynd sem langflestir áhorfendur munu hafa mjög gaman af.



Stöllurnar Molly og Amy (Beanie Feldstein og Kaitlyn Dever) eru harðákveðnar í að mála bæinn rauðan í eitt skipti fyrir öll enda er síðasta tækifærið til þess upprunið.



Aðalhlutverk: Beanie Feldstein, Kaitlyn Dever, Billie Lourd og Noah Galvin **Leikstjórn:** Olivia Wilde **Útgefandi:** Myndform

Gamanmynd

6. september



Hvað eru þau að fela?

Sam er 33 ára maður sem býr einn í leiguíbúð í fjölbýli. Nótt eina kynnist hann nágrannakonu sinni, Söruh, þar sem hún er að synda í sundlaug fjölbýlisins og ákveða þau að hittast á ný daginn eftir. Sam verður því meira en lítið hissa um morguninn þegar Sarah reynist vera flutt úr íbúð sinni!

Under the Silver Lake er blanda af drama, ráðgátu og glæpasögu þar sem söguþráðurinn tekur nokkuð súrrealíska stefnu og hafa margir sagt hana vera nokkurs konar tilbrigði við mynd Davids Lynch, *Mulholland Drive*. Þegar Sam uppgötvar að Sarah er horfin sannfærast hann um að eitthvað dularfullt hafi átt sér stað og að hann verði að leysa gátuna. Um leið fer hann að sjá vísbendingar alls staðar um afdrif Söruh, en þegar hann fylgir þeim eftir uppgötvar hann að málið er bæði viðameira og flóknara en hann hefði nokkurn tíma getað gert sér í hugarlund ...

Punktar
 ★★★★★ - Time Out ★★★★★1/2 - IndieWire ★★★★★ - The Telegraph
 ★★★★★1/2 - R.Ebert.com ★★★★★1/2 - Boston Globe ★★★★★1/2 - Entert. Weekly
 ★★★★★1/2 - Slate ★★★★★ - Empire ★★★★★ - Variety ★★★★★ - New York Magazine

• *Under the Silver Lake* er eftir leikstjórn og handritshöfundinn David Robert Mitchell sem vakti mikla athygli árið 2011 fyrir mynd sína *The Myth of the American Sleepover* og ekki síður árið 2014 þegar hann sendi frá sér spennutryllinn *It Follows*.

• Fyrir utan allar vísbendingarnar sem Sam finnur um hvarf Söruh er sagan í myndinni sneisafull af alls konar tilvísunum í aðrar myndir og atburði sem áhorfendum er falið að ráða í.




Andrew Garfield leikur Sam sem lendir í ótrúlegum aðstæðum þegar hann ákveður að rannsaka hvarf nágrannakonu sinnar.



Aðalhlutv.: Andrew Garfield, Riley Keough og Topher Grace **Leikstjórn:** David Robert Mitchell **Útgefandi:** Myndform

Ráðgáta/drama

6. september



Drama

12. september

Enginn veit alla söguna

Þrjú systkin leggja upp í langferð til að endurheimta eigin látinnar systur sinnar en ekkert þeirra veit í raun hvernig hún dó. Var það slys, eða framdi hún sjálfsmorð?

Hér er á ferðinni gæðamynd fyrir þá sem kunna að meta sögur úr raunveruleikanum um venjulegt fólk í óvenjulegum aðstæðum. Myndin er fyrsta bíómynd Stephens Moyer sem leikstjóra en hann er mun þekktari sem leikari, ekki síst úr sjónvarpsseriunni *True Blood* þar sem hann lék Bill Compton. Handritið er hins vegar eftir Denis O'Hare sem jafnframt leikur bróður hinnar látnu. Er það mál manna að það sé einstaklega vel skrifað, en Denis er, rétt eins og Stephen, mun þekktari sem leikari og lék einmitt á móti honum í *True Blood*, þ.e. hlutverk Russells Edgington, og var tilnefndur til Emmy-verðlauna fyrir þá túlkun. Í öðrum hlutverkum er síðan hópur þekktara breskra og bandarískra leikara sem þykja öll sem eitt fara á kostum í myndinni.



Anna Paquin leikur systurina burtkvöddu, en dauði hennar er ráðgáta fyrir systkini hennar.

Aðalhl.: Denis O'Hare, Melissa Leo, Rhys Ifans, Cynthia Nixon og Anna Paquin **Leikstjórn:** Stephen Moyer **Útgefandi:** Sena



Sögulegt

12. september

Síðustu ár meistarans

Eftir að Globe-leikhúsið í London brann 1613 flutti William Shakespeare aftur á æskulöðirnar í Stratford ásamt eiginkonu sinni þar sem hann lést þremur árum síðar.

★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Film Threat* ★★★★★ - *Screen*

★★★1/2 - *Entertainm. Weekly* ★★★★★ - *R.Ebert.com*

★★★1/2 - *The New York Times* ★★★★★ - *Rolling Stone*

Það eru ekki til margar áreiðanlegar heimildir um síðustu þrjú árin í lífi enska stórskáldsins Williams Shakespeare sem lést af ókunnum ástæðum 16. apríl árið 1616, aðeins tæplega 52 ára að aldri. Hér reyna þeir Kenneth Branagh og handritshöfundurinn Ben Elton að varpa ljósi á þessi ár eftir þeim heimildum sem þó eru til en taka sér að sjálfsgöngu skáldaleyfi eftir því sem þurfa þykir. Útkoman þykir ákaflega góð eins og búast mátti við af Kenneth sem sjálfur leikur Shakespeare og hefur fengið í lið með sér aðra enska úrvalseikara til að túlka meginpersónurnar í lífi hans.



Kenneth Branagh bæði leikstjórir myndinni og leikur William Shakespeare.

Aðalhlutverk: Kenneth Branagh, Judi Dench, Ian McKellen og Lydia Wilson **Leikstjórn:** Kenneth Branagh **Útgefandi:** Sena



Brad Pitt var hress að sjá þegar hann kom til Mexíkóborgar 12. ágúst til að vera viðstaddur frumsýningu Tarantino-myndarinnar þrælgöðu, *Once Upon a Time in ... Hollywood*.



Þótt það hafi ekki borið mikið á Ben Affleck að undanförunu hefur hann ekki setið auðum höndum og unnið að fjölda verkefna. Hér spókar hann sig í New York 22. ágúst.



Justin Bieber hefur tekið því frekar rólega í sumar ásamt eiginkonunni Hailey Baldwin en var spottaður á mótörhjólina sínu í Beverly Hills-hverfinu í Los Angeles 22. ágúst.

Það sem sundrar getur líka sameinað

Erica er ung kona sem snýr aftur til heimabæjar síns, August Creek, til að vera viðstödd brúðkaup systur sinnar og aðstoða við undirbúninginn. Með í för er unnusti hennar, Mark, sem veit auðvitað ekki að í August Creek býr fyrrverandi unnusti Ericu, Nate, sem er enn yfir sig ástfanginn af henni.

August Creek (sem heitir líka *Back in Love*) er eftir leikstjórnann Mauru Anderson og er gerð eftir rómantískri ástarsögu Rachel Stuhler. Segja má að hér sé sigilt ástarþema á ferðinni, ljúft en um leið átakamikið því Erica vill í fyrstu alls ekki viðurkenna að hún sé enn ástfangin af Nate þrátt fyrir að hann elski hana út af lífinu. Smám saman verður Erica þó að viðurkenna fyrir sjálfri sér að hún ber enn tilfinningar til Nates en hvernig á hún að snúa sér í málinu án þess að særa Mark of mikið?



Aðalhlutverk: Courtney Ford, Ryan Caltagirone og Elizabeth Blackmore **Leikstjórn:** Maura Anderson **Útg.:** Myndform

Rómantík

13. september



Ryan Caltagirone og Courtney Ford leika þau Nate og Ericu í *August Creek*.




Gerard Butler og Jada Pinkett Smith stilltu sér pent upp fyrir ljósmyndara fyrir utan Regency Village-kvikmyndahúsið í Los Angeles 20. ágúst þegar þriðja myndin um ævintýri Mikes Banning, *Angel Has Fallen*, var frumsýnd.



Þau Adam Brody og Andie MacDowell voru fjallhress þar sem þau mættu á frumsýningu myndarinnar *Ready or Not* í ArcLight-kvikmyndahúsinu í Los Angeles 19. ágúst, en hún þykir ansi skemmtilegur slasher-farsi.



Leikkonan Jillian Bell mætti með Tobey Maguire upp á arminn á forsýningu myndarinnar *Brittany Runs A Marathon*, í Los Angeles 15. ágúst, en hún segir frá konu sem ákveður að losa sig við aukakílóin og taka þátt í New York-maraboninu.



Lærðu áður en þú kennir

Anders er ungur Dani, ókvæntur og barnlaus, sem ákveður að slá til þegar honum býðst kennarastaða í litlum og afskekktum bæ á Grænlandi. Til að byrja með telur hann sig ráða vel við aðstæðurnar en kemst brátt að því að hann er kominn í allt annan menningarheim sem hann á erfitt með að skilja.

A Polar Year, sem nefnist á frummálinu *Une année polaire*, er eftir franska kvikmyndagerðarmanninn Samuel Collardey sem á margar verðlaunamyndir að baki, t.d. myndina *L'apprenti* frá árinu 2008. Hér segir hann okkur áhrifaríka og góða sögu sem snýst ekki bara um upplifun danska kennarans Anders af vist sinni á Grænlandi heldur einnig um þá menningu sem inúítar á Grænlandi hafa búið sér til í aldalangri og harðri baráttu við að hafa í sig og á í hinni köldu og snjópungu veröld. Ætli Anders sér að ná einhverjum árangri í starfi sínu þarf hann í raun að gleyma öllu sem hann hefur áður lært og uppgötva lífið á ný frá alveg nýjum sjónarhornum ...



Anders Hvidegaard leikur danskan kennara sem ákveður að leggja land undir fót, prófa eitthvað alveg nýtt og ræður sig sem kennara í afskekktum bæ á Grænlandi.

VOD L 94 mín

Aðalhlutv.: Anders Hvidegaard, Asser Boassen og Thomasine Jonathansen **Leikstjórn:** Samuel Collardey **Útg.:** Myndform

Fjölskyldumynd 13. september



Ævintýri í Ástralíu

Teiknimyndirnar um kóalabjörninn Billa Blikk og félagar eru byggðar á bókum eftir nýsjá-lenska rithöfundinn Dorothy Wall, en þær komu út á árunum 1933 til 1937 og hafa allar götur síðan notið vinsælda víða um heim.

Fyrstu teiknimyndirnar um Billa Blikk voru gerðar upp úr 1990 og leiddu til tölvuteiknaðrar bíómyndar sem var frumsýnd 2017. Í kjölfarið var gerð ný teiknimyndaröð um Billa og vini og ævintýri þeirra og hafa fyrstu þrjár hlutar hennar komið út á sjónvarpsleigunum að undanförnunum. Og nú er komið að fjórða hlutanum 13. september.



VOD L 96 mín

Teiknimyndir með íslensku tali um Billa Blikk og hina eldhressu félagar hans **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni 13. september





Finndu slóðina

Harry Goodman er einkaspæjari í borginni Ryme þar sem mannfólkið og pókémonar búa saman, að mestu í sátt og samlyndi þótt þeir eigi ekki auðvelt með að skilja hvers annars tungumál og suma síði. Þegar Harry hverfur dag einn gersamlega spor- og orðalaust af skrifstofu sinni kemur það í hlut tvítugs sonar hans, Tims, ásamt fyrrverandi félagi Harrys, pókémónspæjaranum Pikachu, að leysa málið, helst með hraði.

Samstarf þeirra Tims og Pikachus byrjar að vísu ekkert allt of vel enda hefur Tim lítið álit á pókémönnum yfirleitt og vissi þess utan ekki að faðir hans hafði þekkt Pikachu. Auk þess þjáist Pikachu af minnisleysi eftir höfuðhögg sem gæti allt eins tengst hvarfi Harrys, hvernig sem það má annars vera. En eftir byrjunarörðugleika í samskiptum hefjast þeir Tim og Pikachu handa við að safna gögnum og vísbendingum um hvarf Harrys sem eiga fljótlega eftir að leiða þá á slóð illa innrættra aðila sem ógna ekki bara friðinum í Ryme-borg heldur hafa á prjónunum að gera út af við alla pókémóna fyrir fullt og allt ...



Justice Smith leikur Tim Goodman, son týnda einkaspæjarans Harrys Goodman sem var einnig fyrrverandi starfsfélagi Pikachus (Ryan Reynolds). Nú verða þeir Tim og Pikachu að leggja saman krafta sína og finna út úr því hvers vegna Harry hvarf og ekki síður hvar hann er.

Pokémon Detective Pikachu

Ævintýri / Grín



Aðalhlutverk: Ryan Reynolds, Justice Smith, Suki Waterhouse, Bill Nighy, Kathryn Newton, Ken Watanabe, Omar Chaparro og Rita Ora
Leikstjórn: Rob Letterman **Útgefandi:** Síminn

16. september



Ryan Reynolds bæði talar fyrir Pikachu og ljær honum andlitshreyfingar sem voru teknar upp með svokallaðri „motion capture“-tækni.

Veistu svarið?

Ryan Reynolds, sem er fæddur í október 1976 er í miklu uppáhaldi hjá mörgum og hefur leikið í mörgum vinsælum myndum á undanförunum árum. En í hvaða Nickelodeon-unglingabáttum birtist hann fyrst, fimmtán ára gamall, árið 1991?



Punktar

★★★★ - *The Observer* ★★★★★ - *The Telegraph* ★★★★★ - *IGN*
 ★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★1/2 - *Wash. Post* ★★★1/2 - *The Verge*
 ★★★1/2 - *Chic. Tribune* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★★★ - *CineVue*

- Leikstjóri myndarinnar og einn af höfundum handritsins, Rob Letterman, á m.a. að baki myndirnar *Monsters vs. Aliens*, *Gulliver's Travels*, *Goosebumps* og teiknimyndina *Shark Tale*.
- Myndin sækir efnið að verulegu leyti í metsöluleikinn *Detective Pikachu* sem kom út árið 2016 fyrir Nintendo 3DS-leikjatölvuna.



©DISNEY



Rocketman

Sannsgulegt



Aðalhlutverk: Taron Egerton, Jamie Bell, Bryce Dallas Howard, Tate Donovan, Stephen Graham, Richard Madden, Jason Penneycooke, Gemma Jones og Kit Connor **Leikstjórn:** Dexter Fletcher **Útgefandi:** Síminn

18. september



Handrit myndarinnar er skrifað af Lee Hall (*Billy Elliott*) í góðu samstarfi við Elton John sjálfan sem lagði samt áherslu á að Lee færi sína eigin leið í túlkun sinni á lífshlaupi hans.

Veistu svarið?

Elton John hefur slegið mörg met á tónlistarsviðinu, hlotið öll þau verðlaun sem hægt er að fá og trónir á toppnum sem sá tónlistarmaður sem selt hefur flestar plötur á ferlinum. En hvað hét fyrsta stóra plata hans sem kom út í Bretlandi sumarið 1969?



kyS Λιδωγ

Ævintýri um ævintýri

Elton John þarf engar kynningar við enda hefur hann trónað á toppnum í popptónlistinni allar götur frá því hann sló fyrst í gegn árið 1970 með lagi sínu *Your Song*. En tónlistarsaga hans nær mun lengra aftur í tímann en það og í þessari mynd leikstjórans Dexters Fletcher er farið yfir feril hans frá byrjun.

Sir Elton Hercules John, eða Reginald Kenneth Dwight eins og hann hét áður en hann breytti nafni sínu á sjöunda áratug síðustu aldar (og bætti síðan við millinafninu Hercules), fæddist í Pinner í Middlesex 25. mars 1947 og er því orðinn 72 ára. Í myndinni er lögð áhersla á að segja frá æsku hans og uppvexti, fyrstu skrefum hans í tónlistinni og þeim umbreytingum sem urðu á lagasmíðum hans þegar hann og ljóðskáldið og textahöfundurinn Bernie Taupin voru fyrir tilviljun leiddir saman árið 1967. Við fylgjum síðan sögu hans og fólksins í kringum hann allt til heimsfrægðar og fáum að sjálfsögðu að heyra mörg af hans þekktustu lögum sem gerðu hann að þeirri súperstjörnu sem hann hefur verið upp frá því.



Taron Egerton leikur Elton John og syngur sjálfur öll lögin í myndinni.

Punktur

★★★★★ - *Observer* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★ - *E. Weekly* ★★★★★ - *R. Stone* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Time Out*

• Leikstjóri myndarinnar, Dexter Fletcher, á m.a. að baki verðlauna-myndirnar *Wild Bill*, *Sunshine on Leith* og *Eddie the Eagle*, en það var einmitt Taron Egerton sem fór með titilhlutverkið í þeirri síðast-nefndu. Eins og margir jafnframt vita þurfti Dexter að gera óvænt hlé á undirbúningi þessarar myndar þegar hann var beðinn að taka við leikstjórnartaumum myndarinnar *Bohemian Rhapsody* eftir að Bryan Singer var sagt upp sem leikstjóra hennar.



Jamie Bell leikur textahöfundinn Bernie Taupin en samstarf þeirra Eltons hófst árið 1967 þegar Elton var tvitugur og Bernie 17 ára.



Aðalhl.: Ethan Hawke, Noomi Rapace og Mark Strong
Leikstjórn: Robert Budreau **Útgefandi:** Myndform

Sannsögulegt

20. september

Stokkhólms-heilkennið

Pann 23. ágúst árið 1973 réðst sænski glæpamaðurinn Jan-Erik Olsson inn í Kreditbankan við Norrmalmstorg í Stokkhólmi í því skyni að ræna hann en þar sem einum starfsmanninum tókst að hringja neyðarbjöllu var lögreglan fljót að umkringja bankann. Þar með hófst fimm daga umsátur sem átti eftir að fara í sögubækurnar þegar fjórir gíslar Jan-Eriks gengu í lið með honum.

Sagan af Kreditbankaráninu er hér sögð á tiltölulega gamansaman hátt þótt fátt hafi verið fyndið við það í raunveruleikanum – nema kannski eftirá. Þvert á móti þá hélt sænska þjóðin og öll heimspressan niðri í sér andanum af spennu og óttaðist það versta þar sem það var nokkuð ljóst að Jan-Erik myndi ekki takast að sleppa og því gætu viðbrögð hans orðið harkaleg. Um leið varð þessi atburður sá fyrsti sem sýnt var frá beint í sænska sjónvarpinu og vakti því meiri athygli en ella ...

Punktur

★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Film Stage* ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter*
 ★★★★★ - *Wash. Post* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *R.Ebert.com* ★★★★★ - *Wrap*

- Sú furðulega staða sem kom upp í ráninu þegar gíslar Jan-Eriks fengu samúð með honum varð fræðimönnum mikið umhugsunarefni og hefur sambærileg staða síðan verið nefnd Stokkhólms-heilkennið.



Ethan Hawke í hlutverki bankaræningjans Jan-Eriks og Noomi Rapace leikur einn af fjórum gíslum hans í bankanum.

- Ein af kröfum Jan-Eriks var að lögreglan leysti vin hans, Clark Olofsson, úr haldi og sendi til hans í bankann. Að því var gengið og var Clark síðar ákærður fyrir þátttöku í ráninu en sýknaður af augljósum ástæðum.

- Ath. að nöfnum allra sem við sögu koma hefur verið breytt í myndinni.

Komdu með í ævintýralandið Sentópíu

Mía og ég eru tölvuteiknaðir 23 mínútna þættir um hina tólf ára gömlu Míu sem í gegnum gjöf frá föður sínum, sem var uppfíningamaður, getur ferðast inn í álfa- og ævintýralandið Sentópíu þar sem hún breytist sjálf í álfastelpu.



Í Sentópíu búa bæði álfar og margs konar furðudýr svo sem einhyrningar sem Mía tekur miklu ástfóstri við enda skilur hún mál þeirra og þeir hennar. Ásamt þeim og öðrum vinum sínum lendir Mía síðan í margs konar skemmtilegum ævintýrum.



Teiknimyndir um hina 12 ára Míu sem ferðast inn í ævintýralandið Sentópíu **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

20. september





Aðalhlutv.: Maya Erskine, Jack Quaid, Ed Begley Jr. og Beck Bennett **Leikstj.**: J. Chan og A. Rhymer **Útg.**: Myndform

Gamanmynd

20. september

Bara vinir ... eða hvað?

Pau Ben og Alice hafa verið bestu vinir allt frá því þau hittust fyrst í menntaskóla og þar sem þau hafa að mestu verið einhleyp allan tímann hafa þau boðið hvort öðru að koma með í alls konar veislur og mannfögnuði í stað þess að mæta einsömul. Vandamálið er að um leið halda flestir að þau séu þar þannig að þau þurfa stöðugt að vera að neita að svo sé. Gengur það upp?

Plus One er stórskemmtileg rómantísk kómedía sem hefur hlotið góða dóma gagnrýnenda og hafa sumir þeirra sagt hana vera nokkurs konar nútímaútgáfu af myndinni *When Harry Met Sally* frá árinu 1989 þar sem þau Billy Crystal og Meg Ryan fóru með aðalhlutverkin. Svo skemmtilega vill til að sá sem leikur Ben í *Plus One*, Jack Quaid, er einmitt sonur Meg Ryan og Dennis Quaid og þykja hann og Maya Erskine ná einstaklega vel saman, rétt eins og þau Meg og Billy gerðu forðum.

Punktur

★★★★ - *Variety* ★★★1/2 - *Observer* ★★★1/2 - *R.Ebert* ★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★1/2 - *ReelViews* ★★★1/2 - *Film Threat* ★★★1/2 - *Hollyw. Reporter*

- *Plus One* er fyrsta myndin í fullri lengd sem þeir félagar Jeff Chan og Andrew Rhymer leikstýra en þeir skrifuðu einnig handritið saman og þykir það afar hnyttið og skemmtilegt.

- Maya Erskine er kannski ekki mjög vel þekkt á Íslandi en hún hefur gert það mjög gott í Bandaríkjunum á undanföllum árum og hlaut m.a. tilnefningu til Emmy-verðlauna í ár fyrir handrit að sjónvarpsþáttinum *Pen15* sem hún leikur jafnframt annað aðalhlutverkið í á mótí með höfundu sínum, Önnu Konkle.



Maya Erskine og Jack Quaid leika þau Alice og Ben sem leggja áherslu á að þau séu „bara vinir“.



Teiknimyndir um Tappa mús, fjölskyldu hans og dagleg ævintýri þeirra **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

27. september

Tappi mús

Tölvuteiknuðu þættirnir um Tappa mús eru 8 mínútur á lengd og inniheldur hver þáttur sjálfstæða sögu um ævintýri hans og þeirra sem hann þekkir.

Þessar skemmtilegu teiknimyndir eru byggðar á barnabókum eftir ítalska höfundinn Andrea Dami með teikningum eftir Marco Campanella en þær hafa verið þýddar á meira en 30 tungumál á undanföllum árum. Hver einasti dagur ber í skauti sér ný tækifæri fyrir Tappa til að kanna veröldina og undrin sem í henni leynast ásamt fjölskyldu sinni og vinahóp þar sem kætin og gleðin ræður ætíð för.





Aladdin

Ævintýri



Aðalhlutverk: Mena Massoud, Naomi Scott, Will Smith, Marwan Kenzari, Alan Tudyk, Billy Magnussen, Nasim Pedrad, Navid Negahban, og Numan Acar **Leikstjórn:** Guy Ritchie **Útgefandi:** Síminn

26. september



Í hlutverki andans sem býr í lampanum og getur uppfyllt þrjár óskir eiganda síns er Will Smith sem fer á kostum í myndinni.

Veistu svarið?

Teiknimyndin *Aladdin* sem Disney sendi frá sér 1992 var ein af fyrstu teiknimyndunum sem talsettar voru á íslensku í bíóhúsum hérlendis og þótti Laddi fara algerlega á kostum í henni sem andinn í lampanum. En hver talaði fyrir andann í ensku talsetningunni?



Robin Williams

Gættu að því sem þú óskar þér

Ævintýrið um Aladdín, sem sótt er í uppfærðu útgáfuna af arabísku þjóðsögnum *Þúsund og ein nótt* og Disney gerði frábæra teiknimynd eftir árið 1992, er hér fært í nýjan, litríkan og spennandi búning þar sem tónlist og dans kemur mikið við sögu og grínið og fjörið er að sjálfsögðu aldrei langt undan.

Það er Guy Ritchie sem leikstýrir þessari nýju útfærslu af sögunni um Aladdín og töfralampann og í aðalhlutverkum eru þau Mena Massoud og Naomi Scott sem leika Aladdín og Jasmine prinsessu, Will Smith sem leikur andann og Marwan Kenzari sem leikur stórvesírinn Jafar. Sagan er í stuttu máli um þjófinn og „strætisrottuna“ Aladdín sem Jafar sendir út af örkinni til að finna forlata lampa og færa sér. Aladdín veit ekki fyrr en hann hefur lampann í höndunum að í honum býr andi sem getur uppfyllt þrjár óskir þess sem á honum heldur og það verður til þess að Aladdín ákveður að standa ekki við samkomulagið við Jafar heldur nýta sér óskirnar í eigin þágu og til að vinna ástir dóttur soldánsins, hinnar fögru Jasmín prinsessu. En Jafar gefst ekki svo glatt upp og staðráðinn í að ná lampanum sendir hann sína menn af stað til að klófesta Aladdín ...



Naomi Scott og Mena Massoud leika þau Jasmín prinsessu og Aladdín í þessari stórskemmtilegu og fyndnu fjölskyldumynd.

Punktar

★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Film Threat* ★★★1/2 - *Playlist* ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★1/2 - *Slate* ★★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★1/2 - *R. Stone* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *IndieWire*

- Söguna um Aladdín og töfralampann er í raun ekki að finna í hinum upprunalegu arabísku þjóðsögnum sem saman nefnast *Þúsund og ein nótt* heldur var henni bætt inn í sagnabálkinn á 19. öld. Hún hefur þó allar götur síðan verið þekktasta sagan í *Þúsund og einni nótt* ásamt sögunni, eða sögunum sjö, um Sindbað sæfara.
- Tónlistin í myndinni er að mestu eftir Alan Menken sem samdi Óskarsverðlaunatónlistina við teiknimyndina árið 1992 en einnig er hér að finna ný lög og texta eftir þá Benji Pasek og Justin Paul sem hlutu m.a. Óskarsverðlaunin fyrir tónlist sína í myndinni *La La Land*.



Marwan Kenzari leikur hinn valdagráðuga Jafar stórvesír.



Einn dagur í einu

Light of My Life gerist í ekki svo fjarlægri framtíð, tíu árum eftir að einhvers konar plága gerði út af við allar konur og þar með framtíð mannkyns ... eða svo gott sem ... því aðeins ein stúlka er eftir á lífi, hin ellefu ára gamla Rag.

Fólk sem kann að meta góðar framtíðar- og vísindaskáldsögur ætti alls ekki að missa af þessari þrælfínu mynd Caseys Affleck sem bæði samdi söguna og handritið, leikstýrir og leikur annað aðalhlutverkið á móti hinni ungu Önnu Pniowsky, en þau þykja bæði leika sín hlutverk á snildarlegan hátt. Allt frá því að móðir Rag dó hefur hún verið á flóttu ásamt föður sínum sem dulbúið hefur hana sem strák enda nokkuð ljóst að voðinn er vís ef það fréttist að hún er eina lifandi stúlkan sem eftir er. Sagan er reyndar flóknari en hér er lýst og er óhætt að lofa væntanlegum áhorfendum að atburðarásin kemur á óvart, bæði á spennandi og ljúfan hátt ...

Punktur

★★★★ - *Film Stage* ★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★1/2 - *Film Threat* ★★★1/2 - *R. Ebert* ★★★1/2 - *The New York Times* ★★★1/2 - *R. Stone*

- *Light of My Life* er önnur mynd Caseys Affleck sem leikstjóra en sú fyrri, *I'm Still Here*, var frumsýnd 2011.
- Anna Pniowsky, sem leikur „son“ Caseys Affleck, Rag, er fædd og uppalinn í Manitoba í Kanada og verður 12 ára 4. september nk. Hún hefur verið að leika frá því hún man eftir sér og er talin eitt mesta leikkonuefni sem Kanada á í dag.
- Útíatriði myndarinnar voru að mestu tekin upp í hinu fallega Okanagan-héraði í Bresku Kólumbíu í Kanada í febrúar og mars 2017.



Anna Pniowsky og Casey Affleck leika aðalhlutverkin í myndinni sem Casey skrifaði einnig handritið að og leikstýrir.



Aðalhlutverk: Casey Affleck, Anna Pniowsky, Tom Bower og Elisabeth Moss **Leikstjórn:** Casey Affleck **Útg.:** Myndform

Framtíðarsaga **27. september**



Þú ert það sem þú gerir

Willowdean er unglingsstúlka sem býr með móður sinni Rosie, en hún er fyrrverandi feegurðardrottning sem hefur komið upp sinni eigin feegurðarsamkeppni í smábænum í Texas þar sem þær búa. Þegar Willowdean (sem er kölluð Dumplin af móður sinni) ákveður að taka þátt í keppninni þrátt fyrir að vera í plús-stærð (eða kannski vegna þess) gerast furðulegir hlutir ...

Dumplin er myndin og fjörug gamanmynd með rómantísku ívaði og um leið hárbeitt ádeila sem hittir beint í mark. Þess utan hefur hún verið sögð ein af betri „feel good“-myndum síðasta árs. Þótt Willowdean sé í plús-stærð hefur henni alltaf liðið vel í eigin skinni og sér enga ástæðu til annars en að skrá sig í feegurðarsamkeppni móður sinnar um leið og hún hefur aldur til – þvert á hugmyndir margra!

Punktur

★★★★1/2 - *R. Ebert* ★★★1/2 - *Variety* ★★★1/2 - *New York Magazine* ★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★1/2 - *IndieWire* ★★★1/2 - *The Playlist*

- Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Julie Murphy sem kom út í september 2015 og rauk beint á topp metsölulista *The New York Times*. Þess má geta að Julie kemur fram í smáhlutverki í lok myndarinnar.
- Leikstjóri myndarinnar, Anne Fletcher, sendi síðast frá sér grínsmellinn *Hot Pursuit* en á líka að baki myndirnar *Step Up*, *27 Dresses* og *The Proposal*.
- Myndin inniheldur marga smelli eftir Dolly Parton ásamt nýjum lögum, þ. á m. lagið *Girl in the Movies* sem var tilnefnt til Golden Globe-verðlauna.



Danielle Macdonald og Jennifer Aniston leika mæðgurnar Willowdean og Rosie, en Jennifer er einnig framleiðandi myndarinnar.



Aðalhlutverk: Danielle Macdonald, Jennifer Aniston og Odeya Rush **Leikstjórn:** Anne Fletcher **Útg.:** Myndform

Gamanmynd **27. september**



SíminnBíó

Toppmyndir



SíminnBíó



John Wick: Chapter 3 Parab...

Þriðja myndin um leigumörðingjann John Wick, sem í lok myndar númer tvö neyddist til að leggja á flotta þegar ljóst varð að nánast hver og einn einasti leigumörðingi í heimi myndi innan klukkustundar hefja leit að honum til að drepa hann og innheimta verðlaunafé fyrir vikið. Hér sjáum við hvað gerist svo!

Hasar/spenna **16**



Shazam!

Billy er 14 ára munaðarlaus strákur sem í byrjun sögunnar er að flytja inn á sitt sjöunda fósturheimili. Kvöld eitt þegar hann er á flotta undan strákum sem ætla að berja hann lendir hann í nokkurs konar hliðarveröld þar sem dularfullur karl gefur honum krafta til að breyta sér í fullorðnu ofurhetjuna Shazam!

Gamanmynd **9**



Nonni norðursins 2

Ísbjörninn viðkunnanlegi, Nonni norðursins, sem bjargaði málanum í fyrstu myndinni um hann og vini hans snýr hér aftur til að taka við gullyklynnum að New York þar sem hann er hetja og heiðursgestur. En skjótt skipast veður í lofti og áður en varir er Nonni kominn á kaf í ný vandamáli sem hann verður að leysa.

Teiknimynd **L**



Dumbo

Þegar litill fill fæðist í fjöleikahúsi telur eigandi þess samstundis að hann sé vanskapaður því hann hefur svo stór eyru. Það á hins vegar eftir að koma í ljós að þessi risastóru eyru gera Dúmbó litla kleift að verða fyrsti filli í heimi sem getur flogið. Hið sigilda ævintýri um Dúmbó litla kemur hér í nýjum búningi.

Fjölskyldumynd **6**



Undragarðurinn

Dögg er ung stúlka sem með aðstoð móður sinnar skapar ekki bara söguna um Undragarðinn heldur byggir upp hluta hans heima hjá þeim mægum. Þegar Dögg rekt síðan á gamlan og gleymdan skemmtigarð í niðurníðslu reynist myndunarfari hennar svo sterkt að garðurinn hreinlega lifnar við!

Teiknimynd **L**



Að temja drekann sinn 3

Í þessari þriðju og síðustu mynd um ævintýri vikingastráksins Hiksta og drekans hans, Tannlausa, lenda þeir í sínu mesta ævintýri til þessa þegar þeir þurfa að takast á við hinn illa drekabana Grimm sem hefur einsett sér að ná Tannlausa á sitt vald. Það má honum að sjálfsgöðu ekki takast!

Teiknimynd **L**



Diego Maradona

Diego Maradona er nýjasta heimildarmynd breska Óskarsverðlaunahafans Asifís Kapadia en við gerð hennar fékk hann aðgang að einkamyndasafni Maradona sem reyndist innihalda um 500 klst. af áður óbirtu efni og fullt listrænt frelsi til að segja sögu hans á sinn hátt og án nokkurra inngripa að hálfu Maradona.

Heimildarmynd **12**



Ralf rústar Internetinu

Sex ár eru liðin frá því að við hittum síðast hinn ljúfa og nautsterka Ralf sem nú lendir í nýjum ævintýrum ásamt vinkonu sinni, Vannellöpu sykursætu, þegar sérkennileg bilun í leiktækjasalnum þar sem þau vinna verður til þess að þau fara í einstaklega viðburðaríkt ferðalag á Internetinu! Fyndin skemmtun fyrir alla.

Teiknimynd **L**



Týndur hlekkur

Hlekkur er forsöguleg vera sem er mitt á milli þess að vera api og maður. Sem stendur býr hann einn og yfirgefninn í skógi en trúir því að ef hann getur fengið landkönnuðinn Lionel Frost til að aðstoða sig muni hann finna ættingja sína í hinum þjóðsögulega dal Sjangri-La þar sem tíminn er sagður hafa staðið kyrr.


Teiknimynd **L**



They Shall Not Grow Old

Heimildarmynd eftir Peter Jackson þar sem kvikmynda- og hljóðefni úr fyrri heimsstyrjöldinni hefur verið endurnið, talset og litað. Myndin hefur hlotið mörg verðlaun og frábæra dóma gagnrýnenda og er með einkunnina 9,1 á Metacritic og 8,4 á IMDb. Þetta er mynd sem enginn má láta fram hjá sér fara.

Heimildarmynd **16**



Captain Marvel

Upprunasaga ofurhetjunnar Ms. Marvel sem síðar var nefnd Captain Marvel og er ein svalasta og kraftmesta ofurhetja Avengers-gengisins – og um leið ein mikilvægasta persónan í Marvel-ofurhetjuheiminum. Það er Óskarsverðlaunaleikkonan Brie Larson sem leikur Carol Danvers, öðru nafni Captain Marvel.

Ofurhetjur **12**



Spider-Man: Into the ...

Spider-Man: Into the Spider-Verse er stórskemmtilegt hliðarævintýri frá hinum venjulegu Spider-Man-myndum þar sem aðalsöguhetjan Miles Morales telur sig hinn eina og sanna köngulúðarmann – en hefur auðvitað rangt fyrir sér. Myndin hlaut Óskarsverðlaunin sem besta teiknimynd ársins 2018.

Teiknimynd **6**



The Grinch

Hin sigilda saga dr. Seuss um ótuktina Trölla sem ákvað að stela jólanum frá íbúum Hver-þæjar kemur í ferskum og mjög myndum búningi teiknimyndafyrirtækisins Illumination sem gerði m.a. Aulinn ég-myndirnar, myndirnar vinsælu um litlu gulu Skósvainana, Syngdu og Leynilíf gæludýra.

Teiknimynd **6**



Happy Death Day 2U

Það muna sjálfsgagt flestir eftir grínskotna tryllinum *Happy Death Day* sem sagði frá henni Tree sem lenti í þeirri aðstöðu að vakna upp á sama deginum dag eftir dag og þurfti að glíma við morðingja sinn hvað eftir annað. *Happy Death Day 2U* gerist einum degi síðar og býður upp á enn flökarni áskorun fyrir Tree.

Tryllir/grín **16**



Everybody Knows

Laura, sem býr í Buenos Aires, snýr aftur til heimabæjar síns á Spáni ásamt dóttur sinni og syni til að vera viðstödd brúkaup systur sinnar. Fljótlega kemur í ljós að undir niðri krauma grafin leyndarmál og gamlar syndir og þegar dóttur Lauru er rænt upphétt æsileg atburðarás sem leiðir í ljós að enginn er alveg saklaus.

Drama/ráðgáta **12**



The Best of Enemies

The Best of Enemies gerist árið 1971 og lýsir baráttu Ann Atwater fyrir borgaralegum réttindum svartra í bænum Durham og áttókum hennar við Ku Klux Klan-klíkuna sem þá var leidd af C. P. Ellis. Myndin er byggð á bókinni *The Best of Enemies: Race and Redemption in the New South* eftir Osha Gray Davidson.

Sannsögulegt **12**



Alita: Battle Angel

Alita: Battle Angel er stórskemmtileg ævintýra- og hasarmynd sem gerði það gott í kvikmyndahúsum spáðastliðinn vetur enda var ekkert til sjáð við gerð hennar, síst af öllu hvað tölvubrellurnar varðar sem eru áberandi tilkomumiklar. Framleidd af James Cameron og leikstýrt af Robert Rodriguez.

Ævintýri/visindask. **12**



The Hustle

Tvær konur sem hafa sérhæft sig í alls kyns svikum og prettum taka höndum saman um að svindla hressilega á forrikum mönnum og fá þá til að gefa sér hluta af auðafum sínum. Allt gengur upp eins og í sögu þar til tæknifrömuðurinn og milljarðamæringurinn Thomas kemur til sögunnar.

Gamanmynd **12**



Poms

Martha er orðin dálítið leið á hlutunum og ákveður að fara á elliheimili til að deyja (að eigin sögn). En undir hrjúfu yfirborðinu býr kraftur og áráðni sem kemur vel í ljós þegar hún fær þá hugdettu að stofna hvatningarsveit ásamt hinum konunum á elliheiminu og taka þátt í keppni fyrir 18 ára og eldri.

Gamanmynd **12**



Gloria Bell

Bandaríska leikkonan Julianne Moore leikur hér Gloríu Bell sem býr í Los Angeles og hefur að undanförmu sótt bari og dansstaði í borginni sér til upplýftingar. Kvöld eitt hitt hún hinn frásýlda Arnold (John Turturro) og áður en varir eru þau þrjúð saman. En það er ekki allt sem sýnist.

Drama **12**



Summer of 84


Summer of 84 er hörkugöð mynd og ráðgáta sem fengið hefur fina dóma og hafa margir sagt að hún höfði til sama áhorfendahöps og hinir vinsælu sjónvarpsþættir *Stranger Things*. Hér eru unglingar í helstu aðallutverkum, sagan er spennandi frá upphafi og er óhætt að lofa að endirinn kemur á óvart.

Spennmynd **16**

Pop & Coke

HAMINGJUSAMT HJÓNABAND Í ÖLL ÞESSI ÁR





NBA 2K20

NBA 2K leikirnir hafa þróast yfir í að vera svo miklu meira en bara körfuboltaleikir.

Með *NBA 2K20* heldur 2K áfram að skilgreina upp á nýtt hvað er mögulegt í gerð íþróttaleikja, en leikurinn inniheldur allt það besta þegar kemur að grafík, spilun, spilunarmöguleikum, stýringum leikmanna og fjölda möguleika til að breyta og aðlaga allt að eigin smekk. Að þessu sinni mun leikurinn innihalda glænýjan söguþráð þar sem þekktir Hollywood-leikarar koma við sögu, auk þess sem „Neighbourhood“ verður á sínum stað, en það er opinn heimur þar sem spilarar hittast og geta þróað með sér nýja hluti.

Leikurinn verður einnig gefinn út í svokallaðri *Legend Edition*, en í þeirri útgáfu er mjög mikið af aukaefni sem gerir spilunina enn betri og skemmtilegri.



Tegund: Körfuboltaleikur

Kemur út á: PS4, Xbox One og Switch

PEGI aldurstakmark: 3+

Útgáfudagur: 6. september

Framleiðandi: 2K Sports

Útgefandi: Sena






Monster Hunter World: Iceborne

Hér er á ferðinni risastór viðbót við metsölualeikinn *Monster Hunter World*, en hann seldist í meira en 12 milljónum eintaka og er söluhæsti leikur Capcom-fyrirtækisins frá upphafi. *Iceborne*-viðbótin er jafn stór upphaflega leiknum og bætir í hann nýju umhverfi sem er alsett klaka og snjó, nýjum söguþræði, nýjum kvikindum, fleiri spilunarmöguleikum og mörgu fleiru. Aðdáendur *Monster Hunter World* þurfa klárlega að renna þessum í gegn og halda fjörinu gangandi.




Tegund: Hlutverka- og hasarleikur
Kemur út á: PS4
PEGI aldurstakmark: 16+
Útgáfudagur: 6. september
Framleiðandi: Capcom
Útgefandi: Sena



eFootball PES 2020

Eftir að hafa legið yfir athugasemdum og hrósi frá spilurum hefur Konami-fyrirtækið algjörlega tekið PES-seríuna í gegn og kemur nú með sinn nýjasta fótboltaleik í formi *eFootball PES 2020*. Allar valmyndir leiksins hafa verið teknar í gegn, Master League hefur fengið algjöra yfirhalingu auk þess sem nýir spilunarmöguleikar verða kynntir til sögunnar. Grafíkvél leiksins hefur verið uppfærð töluvert til að gera fótboltanum hærra undir höfði og hefur leikurinn því aldrei litið betur út en nú.



Tegund: Fótboltaleikur
Kemur út á: PS4, Xbox One og Switch
PEGI aldurstakmark: 3+
Útgáfudagur: 10. september
Framleiðandi: EA Sports
Útgefandi: Sena








Borderlands 3

Þá er hinn eini sanni *Borderlands*-leikur mættur aftur, en þetta er skotleikurinn sem fann upp „lootið“ og inniheldur hann endalaugar samsetningar af alls kyns fjölbreyttum vopnum.

Að þessu sinni er keyrt á glænýjum söguþræði þar sem leikmenn geta vaðið um nýja heima og barist við óvini sem aldrei áður hafa sést. Leikmenn geta valið að spila sem einn af fjórum Vault Hunters, en hver þeirra hefur sinn einstaka stíl og hæfileika. Leikmenn geta spilað einir og sér eða með vinum sínum, en markmiðið er að bjarga heimaplánetunni frá einu illvígasta illmenni sólkerfisins. *Borderlands 3* verður einnig gefinn út í svokallaðri *Legend Edition*, en í henni er mjög mikið af stórsniðugu aukaefti sem gerir spilunina enn betri og skemmtilegri.



Tegund: Hlutverka- og skotleikur **Kemur út á:** PS4 og Xbox One **PEGI aldurstakmark:** 18+ **Útgáfudagur:** 13. september **Framleiðandi:** 2K Games **Útgefandi:** Sena





Veldu þinn Vault Hunter

Leikmenn geta valið einn af fjórum Vault Hunters, en hver þeirra er með sína sérstöku hæfileika og spilunarstíl. Einnig hefur hver persóna sína eigin leið til að þróast og verða öflugri. Hver Vault Hunter fyrir sig getur valdið svakalegum skaða, en sameinaðir eru þeir nánast óstöðvandi.

- **Amara er THE SIREN** – Með bullandi sjálfstraust veður hún um vígvöllinn og notar Siren-krafta sína til að ganga frá óvininum.
- **FL4K er BEASTMASTER** – FL4K lifir fyrir það að elta óvininn uppi. Það sama má segja um kvikindin sem fylgja honum. Uppáhalds fórnarlömb eru allir!
- **Moze er THE GUNNER** – Þegar Moze þarf að láta bakka sig upp, þá keyrir hún í vélmennið Iron Bear sem lætur óvinina finna fyrir því.
- **Zane er OPERATIVE** – Sérhæfir sig í alls kyns græjum, en hann er líka mikill snillingur í að henda sér inn í bardagann, valda uppnámi og læða sér svo aftur út.

Endalausir möguleikar og skemmtun

Í *Borderlands 3* hafa leikmenn nær endalaus mismunandi vopn og græjur og hver bardagi er tækifæri til að finna nýtt stöff. Gætirðu til dæmis hugsað þér byssu sem kastar út skildi sem ver leikmenn fyrir byssukúlum? Klárt. Viltu ríffil sem ælir út eldi? Auðvitað. Hefur þig dreymt um að eiga byssu sem getur látið vaxa á sig fætur og eltir þannig uppi óvini? Það er í leiknum líka.

Í *Borderlands 3* eru nýir heimar sem ná mun lengra en svæði Pandóru, en hver heimur hefur sín sérkenni, umhverfi og óvini. Leikmenn verða að fara í gegnum eyðimerkur, stórborgir, skóglendi og fleiri mismunandi landsvæði til að ná markmiðunum.

Leikurinn inniheldur möguleika á að spila með hverjum sem er í gegnum netið eða bara með félagunum í sófanum heima. Allir fá sitt „loot“, það er alveg pottþétt!

Borderlands 3 kemur út 13. september.





NHL 20

Í NHL 20 frá EA Sports verða uppáhalds-íshökkíhetjur þínar enn raunverulegri.

Leikurinn inniheldur meðal annars 45 mismunandi gerðir af skotum og einnig svokölluð „signature shots“. Auk þessa eru nýir spilunarmöguleikar og fjölbreyttari þulir sem lýsa leikjunum ... sem gerir hasarinn enn meira spennandi. Það verður aðeins einn kóngur á svellinu í haust og það er NHL 20.



Tegund: Íshökkíleikur
Kemur út á: PS4
PEGI aldurstakmark: 12+
Útgáfudagur: 13. september
Framleiðandi: EA Sports
Útgefandi: Sena



Þeir Quentin Tarantino og Leonardo DiCaprio skelltu sér til Japans 26. ágúst til að vera viðstaddir kynningu á *Once Upon a Time in ... Hollywood* og blanda geði við aðdáendur.



Brad Pitt var hins vegar mættur á kvikmyndahátíðina í Feneyjum 27. ágúst til að vera viðstaddur frumsýningu á nýjstu mynd sinni og leikstjórans James Gray, *Ad Astra*.




John Travolta, sem er með þrjár nýjar myndir í farteskinu, mætti hress á Wizard World Comic-Con-ráðstefnuna í Chicago 23. ágúst þar sem hann tók nokkur *Grease*-spor fyrir viðstadda.



FIFA 20

Fifa 20 færir saman tvo heima knattspyrnunnar, annars vegar hinn heillandi heim atvinnumenskunnar og hins vegar boltann sem spilaður er á götum úti í svokölluðu EA SPORTS VOLTA.

Leikurinn keyrir sem fyrr á Frostbyte-grafíkvélinni sem tryggir raunveruleikastig í hreyfingum leikmanna og stemmingu á völlum. Í *Fifa 20* er að finna miklar breytingar frá síðustu útgáfu, sérstaklega með svokölluðu FOOTBALL INTELLIGENCE sem færir raunveruleikastig leiksins á plan sem aldrei hefur sést áður. Í FIFA Ultimate Team eru svo fleiri möguleikar en nokkru sinni fyrr til að búa til draumaliðið og hið stórskemmtilega EA SPORTS VOLTA þar sem götustemming fótboltans er í fyrirrúmi og færri leikmenn eru í hverju liði.



Tegund: Fótboltaleikur
Kemur út á: PS4, Xbox One og Switch
PEGI aldurstakmark: 3+
Útgáfudagur: 27. september
Framleiðandi: EA Sports
Útgefandi: Sena

